

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð Friðriks E. Sigtryggssonar.

### 1. gr.

Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar er stofnaður 21. október 2001 af Friðriki Elíasi Sigtryggssyni sem fæddur er 21. október árið 1916 að Ytri-Brekkum í Sauðaneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar Friðriks voru hjónin Sigtryggur Vilhjálmsson og Valgerður Friðriksdóttir, bændur á Ytri-Brekkum. Friðrik á enga lögerfingja.

### 2. gr.

Stofnfé Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er:

1. Gjafafé frá Friðriki Sigtryggssyni á stofnþegi sjóðsins kr. 2.500.000.
2. Arfur eftir Friðrik E. Sigtryggsson skv. erfðaskrá hans dags. 21. október 2001 sem mælir fyrir um að Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar skuli erfa allar eigur hans, fastar og lausar, eftir hans dag.

### 3. gr.

Tilgangur Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er að styðja starfsemi Barnaspítala Hringsins með gjöfum til tækjakaupa eða á annan hátt, sem best þjónar velferð skjólstæðinga barnaeildarinnar að mati stjórnar sjóðsins hverju sinni.

### 4. gr.

Stjórn Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar skal skipuð þremur mönnum, einum úr hópi ættmenna Friðriks og eftir hans tilnefningu í fyrsta sinn og skal sá vera formaður stjórnarinnar, einum fulltrúa Kvenfélagsins Hringsins og yfirlækni Barnaspítala Hringsins. Formaður tilnefnir varamann sinn.

### 5. gr.

Skoðunarmenn eru tveir, annar úr hópi ættmenna Friðriks og eftir hans tilnefningu í fyrsta sinn og hinn tilnefndur af Kvenfélaginu Hringnum. Skoðunarmaður úr hópi ættmenna Friðriks tilnefnir varamann sinn.

### 6. gr.

Stjórn Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar ber ábyrgð á eignum sjóðsins og ber að ávaxta fjármuni hans með sem tryggustum hætti hjá viðurkenndum peningastofnunum.

### 7. gr.

Stjórn Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er heimilt að taka við gjöfum frá öðrum aðilum til styrktar sjóðnum og skulu þær leggjast við stofnfé.

### 8. gr.

Styrkir úr Styrktarsjóði Friðriks E. Sigtryggssonar mega nema raunávöxtun sjóðsins að frádregnum óhjákvæmilegum rekstrarkostnaði og skal úthlutað árlega eða sjaldnar eftir ákvörðun stjórnar á afmælisdegi Friðriks, 21. október. Stofnféð skal þannig ávallt haldast óskert og óheimilt er að veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

9. gr.

Leiði skipulagsbreytingar til þess að Barnaspítali Hringsins hætti starfsemi eða taki upp óskylda starfsemi skal Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar styðja starfsemi sem líkust er starfsemi Barnaspítala Hringsins að mati stjórnar sjóðsins.

10. gr.

Verði Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar lagður niður skulu eignir hans renna til Barnaspítala Hringsins, sjá ennfremur 9. grein.

11. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta með samþykki allra stjórnarmanna. Þó má aldrei breyta nafni hans né höfuðtilgangi.

12. gr.

Heimili og varnarþing Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er í Reykjavík.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. nóvember 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*